



STOFNANASAMNINGUR

Heilbrigðisstofnunar Austurlands og AFLs Starfsgreinafélags

1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er gerður milli AFLs Starfsgreinafélags (AFL) og Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi f.h. ríkissjóðs annars vegar og AFLs Starfsgreinafélags hins vegar.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í AFLi Starfsgreinafélagi sem starfa við HSA og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi AFLs Starfsgreinafélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- að launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa
- að ná fram gæðum í launakerfi t.d. sveigjanleika, hlutlægni og gegnsæi
- að gera stofnunina að betri vinnustað
- að opið sé fyrir starfsþróun með starfsmannasamtölum, frammistöðumati, skýru umbunarkerfi fyrir endurmenntun. Þannig megi efla hæfni og þekkingu starfsmanna.

4. Starfaflokkun og röðun starfa

Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSA eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins.



Eftirfarandi störf grunnraðast með eftirfarandi hætti:

	Launafl.
• Aðstoðarmaður í eldhúsi	lfl. 8
• Ræsting	lfl. 8
• Þvottahús	lfl. 8
• Aðstoðarmaður í heilsugæslu	lfl. 8
• Aðstoðarmaður við hjúkrun	lfl. 9

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem þrep/launaflokka í launatöflu. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar.

Menntun

Við grunnröðun þeirra starfa sem krafist er formlegs náms skal taka tillit til þeirrar kröfu við grunnröðun starfsins.

a) Hafi starfsmaður sérnám, sem nýtist í starfi, og lokið er með viðurkenndri prófgráðu, skal meta það sérstaklega til hækkunar um allt að þremur launaflokkum. Eingöngu er hægt að fá eitt af neðangreindum sérnámi metið :

- Stúdentspróf 2 launaflokkar
- Félaggliðabraut 3 launaflokkar
- Matartæknir 3 launaflokkar
- Hússtjórnarpróf 1 launaflokkar
- Hjúkrunarnemi eftir 2 ár (120 ECTS) 1 launaflokkur til viðbótar.

b) Hækka skal þann sem lokið hefur námskeiði sem nýtist í starfi, um launaprep með eftirgreindum hætti.

1. Um 1 launaprep séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 5 eininga = 60 kennslustundir
2. Um 1 launaprep séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 10 eininga = 120 kennslustundir
3. Um 1 launaprep séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 15 eininga = 180 kennslustundir
4. Um 1 launaprep séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 20 eininga. = 240 kennslustundir

Þar af er einungis hægt að fá 1 launaprep (60 klst.) fyrir tungumálanámskeið sem kemur að gagni í starfi.

Námskeið undir 6 kennslustundum eru ekki metin



c) Háskólanám **sem nýtist í starfi** skal meta með um launaprep með eftirfarandi hætti:

1. 60 ECTS einingar í háskóla = 1 launaprep til viðbótar
2. 180 ECTS einingar í háskóla = 1 launaprep í viðbót

Mest er hægt að fá 2 launaprep fyrir háskólanám.

Við röðun samkvæmt ofangreindu í lið a, b og c skal aldrei meta sama nám eða námskeið tvisvar.

Hækkun vegna námskeiða, starfsaldurs og lífaldurs taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn til launadeildar HSA.

Mest er hægt að fá 4 launaprep fyrir menntun og 3 launaflokka.

Starfsreynsla

Starfsreynsla innan HSA.

- | | |
|--------------------------------|----------------|
| • Eftir 2 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 5 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 10 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 20 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 25 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |

Eftir þriggja mánaða reynslutíma er heimilt að raða starfsmanni samkvæmt ofangreindri töflu allt að 3 launaflokkum hærra en ella ef hann er með starfsvottorð frá öðrum vinnuveitanda með sambærilegt starf. Í framhaldinu gildir þá samanlagður starfsaldur stofnunar og HSA.

Dæmi: Starfsmaður sem raðast með 5 ára starfsaldur frá öðrum vinnuveitanda hækkar um 1 launaflokk eftir 5 ár í starfi hjá HSA og hefur þá fengið flokkinn, eftir 10 ár í starfi hjá HSA.



6. Tímabundnir þættir - Mat á einstökum störfum:

Tímabundnir þættir geta tengst tímabundnum verkefnum og /eða frammistöðu starfsmanns í starfi.

Við röðun einstakra starfa umfram það sem fram kemur í grein 2, er heimilt að hækka starfsmenn um allt að 2 launaflokka alls ef starfsmaður/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- a) Starfsmanni er falin sérstök verkefni sem fela í sér stjórnunarlega ábyrgð 1 launaflokkur.
- b) Starfsmanni eru falin flókin eða sérhæfð verkefni, 1 launaflokkur.

7. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samningi þessum skal ágreiningi vísað til til samstarfsnefndar HSA og AFLs

8. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1.01.2021

Við gildistöku stofnanasamnings þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar sem í gildi eru á milli AFLs Starfgreinafélags og HSA.

Egilsstaðir

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

F.h. AFLs Starfgreinafélags



Fylgiskjal I

Framhaldsnám eða sérnám sem nýtist í starfi og lokið er með viðurkenndri starfsgráðu skal meta sérstaklega til launaflokkunar.

Námskeið sem nýtist í starfi. Einungis skulu metin samfelld námskeið eða námskeiðshlutar, minnst 6 kennslustundir.

Fyrirlestrar sem deildir HSA skipuleggja og eru a.m.k. klst. langir eru metnir 4 saman sem 6 kennslustundir.

Almennt framhaldsskólanám skal meta þannig:

60 einingar í framhaldsskóla = 1 launaprep

120 einingar í framhaldsskóla = 1 launaprep til viðbótar

Hverjar 60 einingar gamlar í framhaldsskóla verða 102 ein. í nýju kerfi framhaldsskóla.

Hverjar 120 ein. gamlar í framhaldsskóla verða 205 ein. í nýja kerfinu.

Stúdentspróf var 140 ein. í gamla en 240 ein. í nýja kerfinu

Ef einstaklingur er búinn með stúdentspróf bætast ekki 2 launaprep við heldur þurrkast 60 einingar (102 nýjar) og 120 einingar (205 ein. nýjar) út og sett stúdent í sérnám í staðinn.

Undirritunarsíða

Guðjón Hauksson

Svava I Sveinbjörnsdóttir

Emil Sigurjónsson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fanney Ingibjörg Bóasdóttir

Ásdís Helga Jóhannsdóttir

Lilja Kjerúlf

Sverrir Mar Albertsson